

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla nr. 99/1970.

## 1. gr.

4. gr. d-liður orðist svo:  
d) skiptingu kennslustunda, skiptingu námstíma í áfanga, svo sem í annir eða misseri.

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:  
Inntökuskilyrði í framhaldsdeild eru:  
Samræmt gagnfræðapróf með meðaleinkunn 5.0 eða hærrí í samræmdum greinum (íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði), sömuleiðis eldri gagnfræðapróf með jafnhárrí meðaleinkunn í sömu námsgreinum.  
Landspróf miðskóla með meðaleinkunn 5.0 eða hærrí.

## 3. gr.

6. gr. b-liður orðist svo:  
b) Kjörsvið, þ. e. uppeldis- og hjúkrunarkjörsvið, viðskiptakjörsvið, tungumála- og raungreinakjörsvið og iðnkjörsvið. Fjölga má kjörsviðum eða fækka með samþykki ráðuneytisins.

## 4. gr.

7. gr. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytið ákveður hvenær og í hvaða námsgreinum skuli vera samræmd próf. Prófverkefni í samræmdum greinum skulu samín af mönnum skipuðum af ráðuneytinu. Stjórnskipaðir prófdómarar meta úrlausnir nemenda á loka-prófi, nema ráðuneytið ákveði annað. Umsjónarmaður framhaldsdeilda hefur umsjón með gerð, prentun eða fjölritun og útsendingu samræmdra prófa.  
Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og hálfum frá 0—10 nema lokaeinkunn og aðaleinkunn sem reikna skal með einum aukastaf.

## 5. gr.

8. gr. orðist svo:  
Í framhaldsdeild skal gefa nemendum vitnisburð við lok hvers námsáfanga eina einkunn í hverri grein. Einkunnir skal færa inn á skírteini nemenda og í prófbók skólans.  
Kennari og prófdómari ráða að jöfnu einkunn á lokaprófi sé prófdómari skipaður í greininni, annars kennari einn.  
Lokaeinkunn í námsgrein er meðaltal annareinkunna sé greinin kennd á fleiri en einni önn. Sé námsgreinin kennd á einni önn telst einkunn nemendans í greininni jafnframt lokaeinkunn.

## 6. gr.

9. gr. orðist svo:

Til þess að standast próf má aðaleinkunn eigi vera lægri en 5.0.

Nemandi telst fallinn séu fleiri en ein lokaeinkunn undir 3.0 án tillits til aðal-einkunnar.

Nemanda sem hlýtur aðaleinkunn 5.0 eða hærri en fleiri en eina lokaeinkunn undir 3.0 er heimilt að endurtaka próf í þeim greinum næst þegar próf eru haldin.

## 7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 9. maí 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

1. júlí 1975.

Nr. 330.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst. Auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti:
  - a) fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 8.70 á m<sup>2</sup> á mánuði.
  - b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 4.35 á m<sup>2</sup> á mánuði.

#### 2. Heimilisnotkun.

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 9.30 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárlíðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 7.50 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 4.35 af m<sup>2</sup> á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

#### 3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst.
- 3.2. Stórnotkun á mestaafismæla þannig reiknað:
 

Aflgjald kr.: 9 637.00 Kw. á ári.

Orkugjald kr.: 3.30 hverja kWst. af allri notkun.